

GJALDSKRÁ

Hollustuverndar ríkisins vegna sérstakrar þjónustu á sviði eiturefna- og hollustuháttaeftirlits.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðinga.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald sem nemur kr. 5.000 á klst. fyrir veitta sérfræði-þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum. Tímar skulu taldir í heilum klst.

2. gr.

Starfsleyfi.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu starfsleyfa fyrir þá sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni í samræmi við reglugerð nr. 238/1994, um garðaúðun, og fyrir þá sem vinna við eyðingu meindýra í samræmi við reglugerð nr. 149/1989 um meindýraeyða, sbr. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum.

Gjald fyrir starfsleyfi sem veitt er í fyrsta skipti: kr. 20.000.

Gjald fyrir endurnýjun leyfisskírteina: kr. 10.000.

3. gr.

Sóthreinsiefni.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um viðurkenningu á efnum sem notuð eru til þrifa og gerileyðinga og innihalda eiturefni og hættuleg efni, sbr. 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingu, sbr. einnig 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988 með síðari breytingum. Innheimt skal tímagjald fyrir 4 klst. vinnu skv. 1. gr. vegna hvers efnis sem sótt er um enda fylgi fullnægjandi gögn með umsókninni. Hafi vinnsla umsókna í för með sér viðbótarvinnu vegna þess að gögn með umsókninni eru ekki fullnægjandi skal tekið viðbótargjald í samræmi við 1. gr. Reikningur skal gefinn út þegar umsókn er lögð fram.

4. gr.

Áritun innflutningsskjala.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta fast gjald til að standa undir kostnaði vegna áritunar innflutningsskjala kr. 500, sbr. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988 með síðari breytingum. Hafi áritun innflutningsskjala í för með sér viðbótarvinnu vegna öflunar eða mats á upplýsingum og/eða vegna bréfaskrifta í tengslum við erindið skal tekið viðbótargjald í samræmi við 1. gr.

5. gr.

Innheimta.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldldagi er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Heimilt er að innheimta dráttarvexti frá útgáfudegi reiknings sé skuld ekki greidd á gjaldldaga. Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu eins og við á um um dráttarvexti. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, eins og þeim var breytt með lögum nr. 42/2001 og samkvæmt 21. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. mars 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.